

## Fundargerð

Miðvikudaginn 19. desember 2012 kl. 16:00 var símafundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2013**
- 2. Önnur**

### Afgreiðslur:

#### 1. Fjárhagsáætlun 2013

*Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar á fjárhagsáætluninni sem ræddar voru á síðasta fundi sem og breytingar sem urðu á áætluninni milli funda.*

*Tekjur næsta árs eru áætlaðar 21.970 þús. kr. Gjöld eru áætluð 22.792 þús. kr. Framlög sveitarfélaganna eru áætluð eru 14.800 þús. kr. Fjárhagsáætlun 2013 var rædd og síðan borin undir atkvæði.*

*Fjárhagsáætlun 2013 samþykkt.*

#### 2. Önnur mál

*Samþykkt að Arnar Þór Sævarsson verði fulltrúi Austur-Húnavatnssýslu í nefnd sem er falið að ræða málefni Byggðasafnsins á Reykjum. Í nefndinni munu einnig sitja fulltrúar Húnaþings vestra og Strandasýslu.*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.*